



Grunnur B

ÍSLE1GB05

Námsáætlun vorönn 2023

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir gudbjorgdora@fsu.is (GDS); Sigbrúður Harðardóttir sissa@fsu.is (SH)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn, málnotkun og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum nytja-- og bókmenntatexta
- helstu bókmenntahugtökum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

Námsefni:

Skáldsagan *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Efni frá kennara.

Námsmat

Alls konar íslenska 5%

Fjallaverksmiðja Íslands 50%

Krossapróf

Framsögn/kynning/sköpun

Verkefnavinna

Ritgerð

Málnotkun og ritun 45%

Vinnublöð

Próf

Kröfur og verkefnaskil

• Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.

• Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.

• Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg lengri forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.

Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.

Nemendur þurfa að hafa skilað öllum námsþáttum til að ljúka áfanganum.

• Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þessi þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefni sjálf í símanum.

• Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Vinnuáætlun - Grunnur B vorönn 2023

Dags.	Viðfangsefni og verkefni
5.-6. jan	Áfangi kynntur Lestur skáldsögunnar Fjallaverksmiðja Íslands hefst. Bókin er lesin heima en verkefni bæði unnin í tímum og heima.
9.-13. jan	Alls konar íslenska. Kafli úr sögunni Skrýtnastur er maður sjálfur og verkefni í tengslum við hana.
16.-20. jan	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 7-52 fyrir fyrri tímann. Verkefni og könnun.
23.-27. jan	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 57-110 fyrir fyrri tímann. Verkefni og könnun.
30. jan – 3. feb	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 115-160 fyrir fyrri tímann. Verkefni og könnun.
6.-10. feb	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 169-223 fyrir fyrri tímann. Verkefni og könnun.
13.-17. feb	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Lesa bls. 227-278 fyrir fyrri tímann. Verkefni og könnun.
21.-24. feb Miðannamat, verkefnadagur 20. feb	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands. Sögulok.
27. feb – 3. mars Kátir daga (1.-2. mars) Flóafár (3. mars)	Skáldsagan Fjallaverksmiðja Ísland. Tímaritgerð
6.-10. mars Áfangamessa (8.mars)	Málnotkun og ritun. Orðaforði og skapandi ritun.
13.-17. Mars Valdagur (15.mars)	Málnotkun og ritun. Reglur tungumálsins (bullorðaverkefni o.fl.). Skapandi ritun
20.-24. mars	Málnotkun og ritun: Fallorð. Hagnýt ritun.
27.-31. mars Opið hús (28.mars)	Málnotkun og ritun: Sagnorð. Hagnýt ritun.
3.-7. apríl Páskafri	Páskafri
10.-14.apríl Páskafri (10-11 apr)	Málnotkun og ritun: Óbeygjanleg orð. Hagnýt ritun.
17.-21. apríl	Málnotkun og ritun: Huglæg og hlutlæg málnotkun. Auglýsingar, staðreyndir og áróður.

Sumard fyrsti (20.apríl)	
24.-28.apríl	Málnotkun og ritun: Próf í seinni tímanum
1.-5. maí Fridagur verkalyðs 1. Maí) Loka kennslud. 5. maí	Samantekt áfangans og skrap.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.
12. desember 2022, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Sigprúður Harðardóttir